

Samherji fiskeldi ehf.  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

Reykjavík, 27. desember 2019

UST201904-156/H.S.J.

08.10.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 10.10. 2019, hjá Samherja fiskeldi, Öxarfirði**


Þann 10. október sl. fór fram eftirlit í Samherja fiskeldi ehf, Núpsmýri Öxarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


**Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennsli. Fyrsta mæling átti að fara fram fyrir 1. mars 2019 og næsta fyrir árslok 2019. Svifagnir hafa verið mældar mánaðarlega í frárennsli en í febrúar 2019 var COD einungis mælt í viðaka, ekki frárennsli, sbr. lýsingu í gátlista.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. janúar, 2020.**

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

<b>Nafn rekstraraðila:</b> Samherji fiskeldi ehf.	<b>Dags. eftirlits:</b> 10.10.19	<b>Staðsetning stöðvar:</b> Nýpsmýri, Öxarfjörður	<b>Brottfallinn starfsleyfisflokkur:</b> 1
<b>Kennitala rekstraraðila:</b> 610406-1060	<b>Gildistími starfsleyfis:</b> 31.01.19	<b>Kvittun afhent:</b> Já	<b>Gerð stöðvar:</b> Landeldi allt að 3000 tonnum af laxi eða bleikju

<b>Starfssemi</b>	<b>Já / Í lagi</b>	<b>Nei / Ekki í lagi</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Athugasemdir:</b>
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Framleiðsla 2018 var um 1363 tonn en þágildandi leyfi var allt að 1600 tonn. Meðallífmassi í stöðinni er um 600-700 tonn og slátrun á árinu áætluð um 1250 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýtt 3000 tonna leyfi var gefið út á árinu. Áætlað er að setja upp nýtt fóðurkerfi.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar á afföllum og fíðrun fer fram í Fishtalk. Skráningar á viðhaldi eru í sér forriti.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 30.04.19
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 30.04.19
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Á staðnum. Rekstraraðili sendi svo þann 15. okt sl. uppfærðar áætlanir í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**

**Landeldi**

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Er í gildi til áramóta.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Var á staðnum. Uppfærð áætlun í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila barst 21.10.19.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Uppfærð umhverfismarkmið bærust 21.10.19. Stöðin er með Whole foods – IMO vottun.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Blásið í ker. Magn reiknað út frá vaxtarlíkönum. Gamalt Aqua Group fódurkerfi. Til stendur að uppfæra.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Fosfór og köfnunarefni hafa verið mæld nokkrum sinnum yfir árið á árunum 2018 og 2019. Hámark leyfis er 7 kg P /tonn og 60 kg N/tonn. Útreikningar frá mælingum inntaksvatns og frárennslis frá settjörn júlí 2018 gefa losun 4,2 kg P/tonn og 15,4 kg N/tonn; útreikningar frá fóðri (tekur ekki tillit til hreinsunar) gefa 7,2 kg P/tonn og 48,9 kg N/tonn.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Frárennslid leit vel út. Engin óeðlileg lykt, hitauppgufun eða fiskur í frárennslinu. Í settjörnum var vart við set, froðu, þekjur og slý sem var þó ekki áberandi í frárennslis frá settjörn. Enginn fugl var sjáanlegur.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Tvær settjarnir eru, önnur tekur við frá stærstu kerjum og frárennslid þaðan fer einnig í gegnum hina settjörnina. Sú er u-laga og tekur við frárennslis frá öllum hinum kerjunum.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				Frá seinni settjörninni rennur frárennslið um 70 m. leið að viðtaka.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki er jökulá.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Skv. gr. 3.3 í starfsleyfi eru hámarksgildi á aukningu svifagna, breytingu sýrustigs og hita o.fl. vegna frárennslis.  Fyrir ofan og neðan útrás voru mælingar á svifögnum á árinu 2018 og 2019, fosfór og köfnunarefni í júlí 2018 og COD sept. sl. Í febrúar 2019 var COD og ammoníak mælt í ánni neðan við útrás.  Ekki er kveðið á um í nýju leyfi hversu oft þessar mælingar skulu gerðar en eftirlitsaðili óskar eftir því að þær séu gerðar á a.m.k þriggja ára fresti líkt og aðrar mælingar í frárennsli sbr. gr. 4.3.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Sel ehf. tekur við pokum undan fóðri, stórsekkir.  Olís tekur til baka umbúðir af öllu sem þaðan er keypt og Íslenska Gámafélagið tekur við öðrum sápubrúsum og Virex.  Skinnfiskur tekur við dauðfiski.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Mæla á svifagnir og lífrænt efni í frárennsli, fyrsta sýni fyrir 1. mars 2019, næsta fyrir lok árs 2019 og a.m.k. þriggja ára fresti eftir það.  Svifagnir hafa verið mældar í frárennsli mánaðarlega 2018 og 2019, en COD var ekki mælt í frárennsli í febrúar 2019, einungis í viðtaka sbr. hér að ofan.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Niðurstöðum mælinga sem framkvæmdar höfðu verið var skilað með ársyfirliti og viðbótarupplýsingum í eftirliti og í kjölfar eftirlits.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Ekki er gerð krafa um aðrar mælingar en þær sem hafa verið nefndar hér að ofan.

**Eftirlit með fiskeldisstöð****Landeldi**


<p>Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?</p> <p>Er það skv. starfsleyfi?</p> <p>Hver sér um mælingarnar?</p>	X			<p>Skv. starfsleyfi skal mæla aftur svifagnir og lífrænt efni í frárennsli 2022. Ekki er tiltekið hversu oft skal mæla í viðtaka en óskar eftirlitsaðili að það sé með sömu tíðni og önnur sýntataka vegna starfsleyfis, a.m.k. á þriggja ára fresti.</p> <p>Rekstraraðili mælir þó oftari í samræmi við kröfur Whole Foods og óskar eftirlitsaðili eftir því að fá þær niðurstöður sendar með ársyfirliti.</p> <p>Sýni ehf. mælir.</p>
---	---	--	--	---

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Eitt frávík kom fram í seinna eftirliti ársins 2018 er varðaði hreinsun og virkni á settjörnum, staðfesting á frávíki fyrri ára. Tvær ábendingar voru gerðar vegna fugla við frárennslisop og frágang á lóð og geymslusvæði

<b>Samantekt:</b>	<p>Lyfjalaus stöð þar sem einungis er alinn lax.</p> <p>Búið er að taka til á lóðinni og hreinsa settjörnin svo að brugðist hefur verið við frávíki og ábendingum fyrri ára.</p> <p>Olúgeymar eru vel staðsettir, steipt plan, yfirfyllinga- og árekstrarvarnir.</p> <p>Mælingar í frárennsli og viðtaka hafa ekki verið alveg í samræmi við ákvæði starfsleyfis.</p> <p>Eitt frávík kom fram við eftirlitið, er snýr að mælingu COD í frárennsli. Tvær ábendingar komu fram er varða mælingar í samræmi við gr. 3.3 og áætlun losun næringarefna frá fóðurnotkun.</p>
<b>Annað:</b>	<p>Farið var yfir breytingar á tíðni eftirlits á grundvelli áhættumats Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sem og breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem snúa að því að skil græns bókhalds verða að skilum umhverfisupplýsinga.</p> <p>Eftirlitsaðili bendir að auki á, að þrátt fyrir að ekki sé minnst á skilaskyldu útstreymisbókhalds í starfsleyfi skal rekstraraðili skila því, líkt og hann hefur gert, í samræmi við reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:



# EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf, Öxarfirði Núpsmýri, Öxarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	10.10.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Samherji fiskeldi ehf, Öxarfirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Frigg Thorlacius
<b>Heimili</b>	Núpsmýri	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	610406-1060	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Arnar Freyr Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Heiðdís Smáradóttir	<b>Staðsetning</b>	609834,024 639750,616

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er snýr að mælingu COD í frárennsli.

Tvær ábendingar eru gerðar er varða mælingar í samræmi við gr. 3.3 og áætlun losun næringarefna frá mælingum í frárennsli eða fóðurnotkun.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun í samræmi við 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

gr. 4.3 í starfsleyfi

Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennsli. Fyrsta mæling átti að fara fram fyrir 1. mars 2019 og næsta fyrir árslok 2019. Svifagnir hafa verið mældar mánaðarlega í frárennsli en í febrúar 2019 var COD einungis mælt í viðaka, ekki frárennsli, sbr. lýsingu í gátlista.

## ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðli bendir á að sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi gilda skilyrði þar sem frárennsli er veitt í á eða vatn. Þar sem hér er um jökulá er að ræða gerir stofnunin ekki þá kröfu að fylgst sé sérstaklega með súrefnisstyrk eða styrk hypóklórsýrlings í viðtaka nema aðrar mælingar í frárennsli/viðtaka gefi til kynna óæskileg áhrif frárennslisins. Auk þess er athygli rekstraraðila vakin á því að vegna þess að um jökulá er að ræða skal viðmiðunarmæling vera 5 m ofan útrásar, sbr. gr. 3.3.

Einnig er bent á að framvegis skuli áætlun losun næringarefna frá fódurnotkun uppfærð í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.

## ANNAÐ

Farið var yfir breytingar á tíðni eftirlits á grundvelli áhættumats Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sem og breytingar á lögum 7/1998 um hollusthætti og mengunarvarnir, sem snúa að því að skil græns bókhalds verða að skilum umhverfisupplýsinga.

Eftirlitsaðili bendir að auki á, að þrátt fyrir að ekki sé minnst á skilaskyldu útstreymisbókhalds í starfsleyfi skal rekstraraðili skila því, líkt og hann hefur gert, í samræmi við reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.12.2019

  
Hulda Soffía Jónasdóttir